


Reykjavík, 16. febrúar 2023

Varðar: Laugavegur 20 – byggingaleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. janúar 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. janúar 2023 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður djúpgáma, fjórum 1.100 lítra gámum, fyrir 12 íbúðir og atvinnurými á jarðhæð, framan við hús nr. 20 og 20a, við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Laugavegur 20 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarkjarna (M1a).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 30. apríl 2002 með síðari breytingum.

Umsögn

Byggingin á lóð nr. 20 við Laugaveg raunteig er íbúðar- og verslunarhúsnæði úr steypu og timbri, byggt árið 1902 skv. fasteigaskrá. Til stendur að fjarlægja húsið og byggja nýtt. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á umsókn um leyfi til að setja niður fjóra 1.100 lítra djúpgáma, fyrir 12 íbúðir og atvinnurými á jarðhæð, framan við hús nr. 20 og 20a, við Laugaveg.


Áður hefur verið spurst fyrir um þetta, 29. maí 2015 var lagt fram á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa erindi frá byggingarfulltrúa þar sem sótt var um leyfi til að leysa sorplosunarvanda með tveim niðurgrofnum sorpgeymslum í gangstétt fyrir framan hús á lóðum nr. 20 og 20a við Laugaveg. Erindinu var synjað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júlí 2016 á þeim forsendum að ekki væri í gildandi deiliskipulagi gert ráð fyrir byggingarreit út fyrir lóðamörk fyrir sorp eða aðra notkun. Einnig var lagt fram umsögn frá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. júní 2015, þar sem alfarið var lagst gegn niðurgrofnum sorpgeymslum í hefðbundnum, þegar frágengnum gangstéttum. Því er tekið neikvætt í erindið, leysa þarf sorpmál með öðrum hætti en djúpgámum í götu fyrir framan hús.

Niðurstaða

- Ekki er fallist á djúpgáma í gangstétt fyrir framan hús við Laugaveg 20.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri



Teikning úr umsókn um djúpgáma fyrir framan Laugaveg 20 og 20a frá 2015.